

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 20/2020

2023/EES/13/20

frá 7. febrúar 2020

um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálaþjónusta)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2089 frá 27. nóvember 2019 um breytingu á reglugerð (ESB) 2016/1011 að því er varðar viðmiðanir ESB vegna loftslagstengdra umbreytinga, viðmiðanir ESB sem eru lagaðar að Parísarsamningum og upplýsingagjöf um sjálfbærni fyrir viðmiðanir ⁽¹⁾.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við lið 311 (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„, breytt með:

- **32019 R 2089:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2089 frá 27. nóvember 2019 um breytingu á reglugerð (ESB) 2016/1011 að því er varðar viðmiðanir ESB vegna loftslagstengdra umbreytinga, viðmiðanir ESB sem eru lagaðar að Parísarsamningum og upplýsingagjöf um sjálfbærni fyrir viðmiðanir (Stjtið. ESB L 317, 9.12.2019, bls. 17).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2019/2089, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning, samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins, hefur farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. febrúar 2020.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 317, 9.12.2019, bls. 17.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.